

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði

1. gr.

Gildissvið

Með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og málefni aldraðra nr. 125/1999. Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf og mat.

2. gr.

Félagsleg heimaþjónusta

Gjald fyrir heimaþjónustu fer eftir lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Aldrei er innheimt fyrir meira en tveggja (2) tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega, eða átta (8) tíma á mánuði.

Fullt tímagjald fyrir félagslega heimaþjónustu er 2300 kr. á tímann. Afsláttur vegna tekna er veittur skv. 6. gr. gjaldskrár þessarar.

3. gr

Dagdvöl og matarþjónusta

| Flokkur | Verð |
|------------------------------------|--------------|
| Heimsendur matur | 1.484 kr.* |
| Hádegismatur í Ekrunni og Miðgarði | 1.484 kr.* |
| Kaffi í Ekrunni | 275 kr.** |
| Kaffimeðlæti í Ekrunni | 575 kr.** |
| Dagdvöl aldraðra með mat | 1.619 kr.*** |

*Gjaldskrá fylgir innkaupaverði frá birgja
**Gjaldskrá endurskoðuð árlega
***Skv. reglugerð nr.1245/2016 um dagdvöl aldraðra

4. gr.

Innheimta

Reikningar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

5. gr.

Fylgigögn með umsókn

Til að hægt sé að sækja um afslátt af gjaldi fyrir heimaþjónustu þurfa eftirtalin gögn að fylgja með umsókn um heimaþjónustu, *launa- eða greiðsluseðlar þriggja undangenginna mánaða og afrit af nýjasta skattframtali hverju sinni.*

Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

6. gr.

Tekjumörk árið 2025

Við ákvörðun tekjumarka er miðað við viðmiðunargreiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega í janúar ár hvert. Fyrir árið 2025 eru það:

- Einstaklingar með tekjur undir 435.338,- krónum á mánuði
- fólk sem heldur heimili saman, hvort með tekjur undir 347.521,- krónur á mánuði,

Undanþegnir gjaldskyldu félagslegrar heimaþjónustu eru:

- Einstaklingar og hjón sem hafa tekjur undir framangreindum tekjuviðmiðum

50% afslátt af félagslegri heimaþjónustu fá:

- Einstaklingar og hjón sem eru með allt að 25% hærri tekjur en framangreind tekjuviðmið

Notendur greiða ekki fyrir fleiri en 8 klukkustundir á mánuði.

Tekjumörk einstaklinga:

| Neðri mörk | Efri mörk | Gjaldflokkar | Kr. / klst. |
|------------|-----------|--------------|-------------|
| 0 | 435.338 | Flokkur 0 | 0 |
| 435.339 | 544.173 | Flokkur I | 1150 |
| 544.174 | | Flokkur II | 2300 |

Tekjumörk hjóna og sambýlisfólks

| Neðri mörk | Efri mörk | Gjaldflokkar | Kr. / klst. |
|------------|-----------|--------------|-------------|
| 0 | 695.042 | Flokkur 0 | 0 |
| 695.043 | 868.803 | Flokkur I | 1150 |
| 868.804 | | Flokkur II | 2300 |

Sjá [reglur](#) fyrir frekar upplýsingar.

7.gr.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðunum starfsmanna um þjónustuna og gjaldtöku til velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun matsteymis þjónustunnar heim.

Ákvörðun velferðarnefndar má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun velferðarnefndar.

Starfsmaður velferðarsviðs skal leiðbeina umsækjendum um hvernig skuli skjóta ákvörðunum til úrskurðarnefndar velferðarmála.

8. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.

Samþykkt í bæjarstjórn 13.02.2025.

Sigurjón Andrússon bæjarstjóri